

Nd.

132. Frumvarp

til laga um bann gegn líkamlegum refsingum.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Foreldrum, fjárhaldsmönnum, húsbændum, kennurum, lærimeisturum og öðrum, sem yfir börnum og unglíngum hafa að ráða, er með öllu bannað að beita hýðingum, höggum, barsmiði, klípingum eða öðrum líkamlegum refsingum, hverju nafni sem nefnast, við börn og unglínga.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða hegningu sem hjer segir, nema þyngri hegning liggí við að lögum: 1. brot varðar sektum frá 20 til 200 kr., 2. brot varðar sektum frá 200 til 1000 kr., 3. brot varðar — auk sekta, 200 til 1000 kr. — foreldra missi foreldravalds, fjárhaldsmenn missi fjárhalds, húsbændur vistarslitum þeirra, er verknaðurinn kemur fram við, kennara embættismissi, lærimeistara ógílding námssamnings, og alla aðra umráðum þeim, er þeir hafa yfir börnum og unglíngum.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gíldi 1. jan. 1930.

Greinargerð.

Með vaxandi þekkingu á uppeldismálum og sálarlífi barna og unglínga hafa augu manna opnast fyrir því, að líkamlegar refsingar gera meira ógagn en

gagn, enda mun nú svo komið, að þær eru víða lagðar niður með öllu. Þó er þeim enn beitt sumstaðar, en alstaðar mælast þær illa fyrir. Tómlæti löggjafanna mun valda mestu um, að þær hafa eigi enn verið bannaðar með lögum.